

Fréttabréf
Rannsóknastofu í kvennafræðum
við Háskóla Íslands



1. tölublað, 5. árgangur

nr. 10

Janúar 1996

Rabfundir Rannsóknastofu í kvennafræðum hafa getið sér gott orð og hefur verið vel mætt á rabbfundi stofunnar. Rannsóknastofan vill minna á upphaflegt markmið rabbsins. Þar geta fræðimenn á sviði kvennarannsóknna komið, rætt um rannsóknir sem þeir eru að vinna að og fengið viðbrögð á efnið. Rannsóknastofan hvetur áhugasamt fræðifólki og rannsakendum á sviði kvennafræða til að láta vita af sér og nýta sér þetta tækifæri til að ræða um rannsóknir sínar sem enn eru á vinnslustigi.

Dagskrá Rannsóknastofu í kvennafræðum á vormisseri 1996 fer af stað þann 6. febrúar með fyrsta rabbi vetrarins. Steinunn Björk Birgisdóttir mun þá ræða hvers vegna færri konur leita í áfengis og vímuefna meðferð en karlar. Aðrir rabbarar vormisseris verða: Lára V. Júlíusdóttir lögmaður, Stefanía Traustadóttir félagsfræðingur hjá Skrifstofu jafnréttismála og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur hjá Vinnueftirliti ríkisins, Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur og Sigrún Stefánsdóttir lektor við Háskóla Íslands. Dagskrá vormisseris líkur síðan með kynningu á fyrirhuguðu námi í kvennafræðum sem hleypt verður af stokkunum nú í haust.

Stjórn stofunnar skipa: Guðný Guðbjörnsdóttir, dósent í uppeldisfræði, Guðbjörg Jóhannesdóttir, stud. theol., Helga Kress, prófessor í almennri bókmenntafræði, Rannveig Traustadóttir, lektor í uppeldisfræði, Kristín Björnsdóttir, dósent í hjúkrunarfræði og Sigríður Th. Erlendsdóttir, stundakennari í sagnfræði. Rekstur stofunnar annast Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir.

Útgefandi: Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands
Umsjón: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir

Þrjár opinberir fyrirlestrar verða á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum á vormisseri 1996. Fyrst kemur Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur, 20. febrúar og flytur fyrirlesturinn *Vinnuvernd og aðbúnaður kvenna*, byggðann á doktorsritgerð sinni. Jenny Jochens prófessor mun flytja fyrirlesturinn *Vikings Westward to Vinland: The Problem of Women* 14. mars, auk þess sem Janet Bogdan prófessor mun flytja fyrirlesturinn *Losing Childbirth: The erosion of Women's control over and knowledge about childbirth*, í boði hjúkrunarfræðiskors og Rannsóknastofu í kvennafræðum. Dagskrá vormissis er birt í heilu lagi hér í fréttabréfinu.

RÁÐSTEFNA UM ÍSLENSKAR KVENNARANNSÓKNIR

Síðastliðið haust voru tíu ár liðin frá því að fyrsta ráðstefnan um íslenskar kvennarannsóknir var haldin í Odda Háskóla Íslands, af því tilefni ákvað Rannsóknastofa í kvennafræðum að halda aðra slíka ráðstefnu dagana 20. - 22. október 1995. Efni ráðstefnunnar var afar fjölbreytt: fræðilegir fyrirlestrar, erindi úr kvennabaráttunni og umræður um kvennaráðstefnurnar í Kína.

Ráðstefnan var sett föstudagskvöldið 20. október. Við opnunina voru flutt þrjú stutt ávörp. Meðal þeirra sem þá töluðu var Fride Eeg-Henriksen, forstöðumaður nýrrar nýrænnar stofnunar um kvennarannsóknir (NIKK). Sagði hún frá þessari nýju stofnun, sem er samvinnuverkefni allra norðurlandanna (nánar er sagt frá NIKK annars staðar í fréttabréfinu).

Ráðstefnan var þverfagleg og endurspegladi stöðu íslenskra kvennarannsóknna árið 1995. Fyrirlestrarnir voru 34 talsins. Efni þeirra mjög fjölbreytt og endurspegladi þá miklu grósku sem er í íslenskum kvennarannsóknnum um þessar mundir. Fyrirlesarar komu úr fjölmörgum fræðigreinum svo sem mannfræði, bókmenntafræði, félagsfræði, sálfræði, þjóðfræði, sagnfræði, málfræði, guðfræði, hjúkrunarfræði, uppeldis- og menntunarfræði og félagsráðgjöf.

Auk fræðilegra fyrirlestra voru erindi úr kvennabaráttunni þar sem fjallað var um ýmsar hliðar baráttunnar fyrir bættri stöðu kvenna í íslensku samfélagi.

Á ráðstefnunni voru pallborðsumræður þar sem fjallað var um kvennaráðstefnurnar í Kína. Pallborðin voru þrjú. Á pallborði 1 var rætt

um opinberu ráðstefnuna, á pallborði 2 um óopinberu ráðstefnuna og á pallborði 3 var fjallað almennt um hvað ávannst í Kína og hvaða þýðingu það hefur fyrir íslenskar konur. Meðal þátttakenda í pallborðsumræðum var frú Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands.

Aðsókn að ráðstefnunni fór fram úr björtustu vonum og kom það fyrir í tvígang að fólk þurfti frá að hverfa vegna fjölmennis.

Vegna þess hve ráðstefnan tóks vel hefur stjórn Rannsóknastofu í kvennafræðum ákveðið að gefa út ráðstefnurit með fyrirlestrum og framsögum pallborða undir yfirskriftinni *Staða íslenskra kvennarannsóknna 1995*. Nú er ljóst að nær allir þátttakendur á ráðstefnunni munu senda fyrirlestra sína í rit ráðstefnunnar. Ritið mun því, líkt og ráðstefnan sjálf, endurspegla grósku og fjölbreytileika íslenskra kvennarannsóknna í dag. Vonast er til að bókin komi út vorið 1996.

LOKSINS, LOKSINS!

NÁM Í KVENNAFRÆÐUM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS HAUSTIÐ 1996

Á Íslandi hefur nám í kvennafræðum farið seinna af stað en í flestum öðrum vestrænum ríkjum. Í Bandaríkjunum, Bretlandi og hinum Norðurlöndunum hófst nám í kvennafræðum víðast hvar upp úr 1970. Í upphafi var boðið upp á einstök námskeið í kvennafræðum innan ýmissa fræðigreina en smám saman fór námskeiðum fjölgandi og þróuðust í formlega námsgrein í kvennafræðum.

Hér á landi hefur þróunin verið svipuð nema hvað við höfum verið talsvert á eftir. Fyrsta námskeiðið í kvennafræðum sem kennt var hér við háskólann var námskeiðið Konur og bókmenntir, sem Helga Kress kenndi veturinn 1980/81. Síðan þá hefur námskeiðum fjölgað jafnt og þétt og hafa kvennafræðinámskeið verið kennd innan ýmissa fræðigreina. Í sumum þeirra hafa kvennafræðinámskeið verið kennd að staðaldri en í öðrum greinum óreglulega eða eitt einstakt skipti. Fram að þessu hefur því ekki verið boðið upp á formlegt nám í kvennafræðum.

Í febrúar 1994 skipaði háskólaráð nefnd til að móta tillögur að framtíðarskipan og þróun náms í kvennafræðum við Háskóla Íslands sem aukagrein til BA-prófs. Nefndin skilaði tillögum sínum í mars 1995 og

samþykkti háskólaráð tillögur nefndarinnar um að hefja 30 eininga nám í kvennafræðum haustið 1996 að því tilskyldu að fjárveiting fái á fjárlögum til að standa straum af kostnaði við námið.

Til að nám í kvennafræðum geti hafist verða sett á laggirnar tvö ný 5 eininga skyldunámskeið: Inngangur að kvennafræðum og Kenningar í kvennafræðum. Að öðru leyti mun námið samstanda af þeim námskeiðum sem þegar eru kennd innan mismunandi greina.

Námið verður samstarfsverkefni félagsvísindadeildar og heimspekideildar og stjórnun þess verður í höndum fimm manna nefndar sem í sitja þrjú kennarar og tveir nemendur í kvennafræðum. Dagleg ábyrgð og umsjón með náminu verður þannig háttáð að ráðið verður í hálfu stöðu kennara í kvennafræðum úr röðum fastra kennara við háskólann. Ráðningin verður tímabundinn í 2-3 ár í senn og mun staðan færast á milli kennara félagsvísindadeildar og heimspekideildar. Markmiðið með þessu fyrirkomulagi er að tryggja þverfaglegar áherslur í náminu og koma í veg fyrir að ein grein verði ráðandi innan námsins. Eftir þriggja ára reynslutímabil verður metið hvernig til hefur tekist og gerðar þær lagfæringar sem þurfa þykir.

Gert er ráð fyrir að nemendur í kvennafræði verði þrenns konar:

1. Nemendur sem taka nám í kvennafræðum sem aukagrein til 30 eininga.
2. Nemendur sem velja einstök námskeið í kvennafræðum sem hluta af sínu námi eins og verið hefur fram til þessa.
3. Fólk sem lokið hefur BA-námi en vill tala við sig 30 eininga námi í kvennafræðum. Slíkir nemendur munu ekki fá sérstaka prófgráðu heldur vottorð um að þeir hafi lokið 30 eininga námi í kvennafræði.

Háskólaráð hefur nú skipað nefnd þriggja kennara til að undirbúa námið, skipuleggja nýju skyldunámskeiðin, ráða kennara og samhæfa námskeið og námsframboð, þannig að allt verið til reiðu til að hefja námið nú í haust. Í nefndinni sitja Dagný Kristjánsdóttir, Rannveig Traustadóttir formaður og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

RT

DAGSKRÁ VORMISSERIS 1996

Rabb um rannsóknir og kvennafræði

Þriðjudaginn 6. febrúar kl. 12 - 13 í stofu 202 í Odda
Steinn Björk Birgisdóttir, M.A. í *Agency Counseling* frá Siena Heights College í Bandaríkjunum. Af hverju leita færri konur í áfengis- og vímuefnameðferð en karlar?

Þriðjudaginn 20. febrúar kl. 12 - 13 í stofu 202 í Odda
Lára V. Júlíusdóttir lögmaður. Aukin réttindi og hærri laun. Eru kröfurnar samræmanlegar?

Þriðjudaginn 5. mars kl. 12 - 13 í stofu 202 í Odda
Stefanía Traustadóttir félagsfræðingur á Skrifstofu jafnréttismála og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur hjá Vinnueftirliti ríkisins. Kynferðislegri áreitni í tengslum við rannsókn Jafnréttisráðs og Vinnueftirlits ríkisins á kynferðislegri áreitni.

Þriðjudaginn 19. mars kl. 12 - 13 í stofu 202 í Odda
Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur. Hljóðláta byltingin. Líknarstörf reykvískra kvenna.

Þriðjudaginn 2. apríl kl. 12 - 13 í stofu 202 í Odda
Auglýst síðar

Þriðjudaginn 16. apríl kl. 12 - 13 í stofu 202 í Odda
Nefnd um nám í kvennafræðum kynnir nám í kvennafræðum.

Opinberir fyrirlestrar

Fimmtudaginn 15. febrúar kl. 17.15 í fyrirlestrarsal Norrænahússins

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir félagsfræðingur flytur fyrirlestur sem byggir á doktorsritgerð hennar. Vinnuvernd og aðbúnaður kvenna.

Fimmtudaginn 14. mars kl. 17.15 í stofu 101 í Lögbergi
Jenny Jochens prófessor í miðaldasögu við Towson Háskóla. Vikings Westward to Vinland: The Problem of Women.

Laugardaginn 30. mars kl. 14.00 í stofu 101 í Odda
Janet Bogdan prófessor í félagsfræði við Le Moyne Háskóla í Syracuse. Losing childbirth: The erosion of women's control over and knowledge about childbirth.

NORA. Nordic Journal of Women's Studies

Annað tölublað, þriðja árgangs Nóru kom út haustið 1995. Í því eru eftirtaldir greinar:

Susanne Schunter-Kleemann, "Welfare states and family policies in the EU countries".

Vincent Duindam, "Mothering and fathering: Socialization theory - and beyond".

Eva Lundgren, "Creating bodily gender in the fields of symbol and power".

Anne Wichström, "An artist by vocation or desire? Professional artists with the mark of amateurism".

Lena Johannesson, "Ellen Key, Mamah Bouton Borthwick and Frank Lloyd Wright. Notes on the historiography of non-existing history".

Nýmæli í þessu tölublaði Nóru er Fride's corner þar sem Fride Egg-Henriksen forstöðumaður NIKK (Nordisk institut for kvinne- og kjönnforskning) segir frá starfi stofnunarinnar. Fride's corner verður hér eftir fastur liður í Nóru og kemur í stað Solveig's corner.

Eins og fram kom í síðasta fréttabréfi Rannsóknastofunnar er Nóra norrænt tímarit sem gefið er út á ensku til að kynna norrænar kvennarannsóknir í hinum enskumælandi heimi. Nóra er ritrynt tímarit og er gefið úr fjórum sinnum á ári.

Anna Sigurðardóttir 1908-1996

Anna Sigurðardóttir fæddist 5. desember 1908, dóttir hjónanna Ásdísar Margrétar Þorgrímsdóttur og Sigurðar Þórólfssonar skólastjóra lýðháskólans á Hvítárþakka í Borgarfirði og þar ólst hún upp. Hún stundaði nám í Kvennaskólanum í Reykjavík og aflaði sér frekari menntunar í tungumálum og verslunarfræðum. Hún giftist Skúla Þorsteinssyni (1906-1973) skólastjóra og síðar námsstjóra á Austurlandi og eignuðust þau þrjú börn.

Anna stundaði skrifstofu- og verslunarstörf í Reykjavík og á Eskifirði en þar var hún jafnframt kennari með hléum til 1957. Eystra hóf hún afskipti af kvennabaráttunni og stofnaði Kvenréttindafélag Eskifjarðar 1950. Og þar hóf hún fræðistörf sín. Anna sat í stjórn

Kvenréttindafélags Íslands á annan áratug og var fulltrúi félagsins á ráðstefnum og fundum hér á landi og erlendis. Hún hafði mikil áhrif á fjölmörg baráttumál félagsins svo sem skattamál hjóna, hjúskaparlöggjöfina og framfærendahugtakið var henni hugleikið. Allt hennar starf í félaginu miðaði að því að tryggja sem best rétt kvenna. Anna brúaði bilið milli gömlu kvennahreyfingarinnar og hinnar nýju og átti frumkvæði að starfi Úanna, fyrsta merki nýju kvennahreyfingarinnar hér á landi. Í tilefni af sjötugsafmæli Önnu kom út bókinn *Konur skrifa til heiðurs Önnu Sigurðardóttur* (1980) en þar eru 22 greinar eftir jafnmargar konur um margvísleg efni auk ritaskrár Önnu og viðtals við hana. Er þetta fyrsta bók sem skrifuð er til heiðurs konu hér á landi.

Anna ritaði fjölda greina um félagsmál og fræðileg efni í íslensk og erlend blöð og tímarit og mörgum eru útvarpserindi hennar minnisstæð. Rit hennar, sem komu út 1984, 1985 og 1988, leggja grunninn að atvinnusögu kvenna. Með þeim gerðist Anna brautryðjandi í rannsóknnum á kennasögu hér á landi. Þessi rit eru: *Úr veröld kvenna - Barnsburður* sem birtist í öðru bindi ritverksins *Ljósmaður á Íslandi* (1984), *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár* (1985) og *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*, sem fjallar um nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu (1988). Þegar Anna lést, hinn 3. janúar 1996, vann hún að riti um lækningar kvenna á Íslandi að fornu og er því ólokið.

Anna stofnaði Kvennasögusafn Ísland í byrjun kvennaárs Sameinuðu þjóðanna, á nýársdag 1975, ásamt bókavörðunum Else Miu Einarsdóttur og Svanlaugu Baldursdóttur og veitti því forstöðu til dauðadags. Safnið var til húsa á heimili hennar að Hjarðarhaga 26. Er það til marks um kjark hennar og bjartsýni að stofna safn sem þetta á sínu eigin heimili með litlum fjárhagslegum stuðningi lengst af. Safnið gaf Anna Þjóðarþóklöðu þar sem því verður komið fyrir í samræmi við þær hugmyndir sem Anna hafði um framtíð þess.

Anna var heiðursfélagi í Kvenréttindafélagi Íslands, Bókvarðafélagi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands og Sagnfræðingafélagi Íslands. Hún var útnefnd heiðursdoktor við heimspekideild Háskóla Íslands á 75 ára afmæli hans, 1986.

Við erum mörg sem notið höfum hvatningar Önnu, vináttu hennar og óþreytandi áhuga á sögu kvenna. Og mörgum skólanemum hefur hún leiðbeint og bent á að leiða sögu kvenna fram í dagsljósið. Mörg símtölin áttum við og samtöl á heimili hennar, alltaf leysti hún mig út með ljósritum og mörg sendi hún mér í pósti með fallega skrifuðum athugasemdum. Alltaf að benda mér á eitthvað sem hún hafði rekist á og

alls ekki mætti gleymast. Líklega hefur engin íslensk kona hvatt jafn marga og beinlínis vakið til vitundar og Anna Sigurðardóttir. Hafi hún heila þökk fyrir.

Sigríður Th. Erlendsdóttir

NIKK

Nýlega ákvað Norræna ráðherra nefndin að koma á fót norrænni stofnun um kvennarannsóknir (Nordisk institut for kvinne- og kjønnsforskning-NIKK). Stofnunin hefur aðsetur við Oslóarháskóla og tók formlega til starfa 1. september 1995. Fride Egg-Henriksen veitir henni forstöðu. NIKK hefur nú þegar sent frá sér tvö tölublöð af fréttabréfi stofnunarinnar sem kemur út fjórum sinnum á ári. Engin áskriftargjöld eru að fréttabréfinu og er hægt að gerast áskrifandi að því í gegnum Rannsóknastofu í kvennafræðum.

Stjórn NIKK er skipuð fulltrúum frá öllum norðurlöndunum og er Rannveig Traustadóttir lektor við Háskóla Íslands fulltrúi Íslands. Varamaður Rannveigar er Stefanía Traustadóttir félagsfræðingur við Skrifstofu jafnréttismála.

Dagana 21. - 23. nóvember 1996 heldur Nikk Norræna ráðstefnu um kvennarannsóknir í samvinnu við Rannsóknastofu í kvennafræðum við Oslóarháskóla og Skrifstofu kvennarannsókna í Norska rannsóknaráðinu. Ráðstefnan er þverfagleg og óvenju yfirgripsmikil. Ráðstefnunni er ætlað að skoða: "Hverju höfum við áorkað, hvað viljum við, hvers söknum við og hvert er ferðinni heitið?"

Eitt af hlutverkum NIKK er að samræma aðgerðir norrænna rannsóknastofnanna á sviði kvennafræða og vera í samstarfi við Evrópsk samtök á þessu sviði. Sem dæmi um slíkt má nefna samhæfðan þrýsting kvennarannsóknastofnanna í Evrópu og á norðurlöndunum á að kvennarannsóknir fái aukinn sess við úthlutun rannsóknarstyrkja á vegum Evrópusambandsins.

NIKK mun veita stofnanalegan ramma fyrir bæði samstarf og sameiginlegar norrænar rannsóknaráætlanir og verkefni, Stofnunin mun einnig standa fyrir námskeiðum og ráðstefnum og aðstoða við kennara- og nemendaskipti. Stofnunin mun koma á fót norrænum gagnabanka á sviði kvennafræða jafnframt því að vera miðstöð fyrir upplýsingar um norrænar kvennarannsóknir.

NAFN Á FRÆÐIN

Þverfaglegt nám í kvennafræðum mun að öllum líkindum fara af stað á komandi hausti. Nám í kvennafræðum hefur verið að þróast í háskólum víða um heim undanfarna tvo áratugi. Síðast liðinn áratug hefur fræðileg áhersla þróast á þann veg að hugtakið "kynferði" (gender) hefur orðið miðlægt í rannsóknum margra fræðimanna. Í einstaka háskólum er því farið að vísa til námsins sem "gender studies" í stað "women's studies" áður eða kvinne- og kjønnsforskning eins og í Noregi.

Mikil umræða hefur farið fram um hvort kalla eigi fyrirhugað nám kvennafræði eða reyna að finna annað hugtak sem nær merkingu "gender studies". Biðjum við því ykkur um að leggja höfuðið í bleyti og senda okkur tillögur um nafn á fræðin fyrir 1. mars 1996.

Merkið umslagið:

Rannsóknastofa í kvennafræðum
Háskóli Íslands
101 Reykjavík

----- klippið hér ----- klippið hér -----

Tillögur um nafn á fræðin

VEGGSPJALD OG FLÉTTUR

Rannsóknastofa í kvennafræðum vill minna á að hægt er að kaupa Fléttur, Rit Rannsóknastofu í kvennafræðum á skrifstofu stofunnar á 2.000 krónur í stað 2.800 í almennum bókaverslunum. Einnig er veggspjald ráðstefnunnar um íslenskar kvennarannsóknir 1995 fánlegt á skrifstofunni á 500 krónur.

NÝJAR BÆKUR

Nýlega hafa komið út tvær athyglisverðar bækur frá Museum Tusulanums forlaginu. Annars vegar er um að ræða bókina **Kvinder, kön og köbstadslovgivning 1400-1600. Lovfaste Mænd og ærlige Kvinder** eftir Grethe Jacobsen. Bókin er sú ellefta í ritröðinni Danish Humanist Texts and Studies. Bókin er 388 síður og kostar 298 danskar krónur. Hins vegar er það bókina **Mellem backfishe og pæne piger. -Kön og kultur í KFUK 1883-1940** eftir Hilde Römer Christensen. Bókin er 295 síður og kostar 268 danskar krónur.

WISE (Women's International Studies Europe) hefur gefið út ráðstefnuritið **Travelling through European feminisms: Cultural and political practices**, í ritstjórn Ghaiss Jasser, Mieke Verloo og Margit Van Der Steen. Í ritinu er að finna flesta fyrirlestra af ráðstefnu samtakanna sem haldin var í París 8. - 10. október 1993.

Ritinu er skipt í fimm efnisflokka: Different Movments in Feminism, Feminist Media, On feminism in Literature, On feminism in Philosophy og On feminism in Art. Bókin er 192 síður. Bókin er frí fyrir meðlimi WISE en aðrir geta pantað bókina með því að senda 30 Hollensk Guilders til WISE, Dutsh Postbank, no. 6364664 og verður ritið þá sent til viðkomandi.

Frá SAGE útgáfufyrirtækinu eru nýlega komnar bækurnar: **Violence and Gender Relations. Theories and Interventions**, ritstjórar: Barbara Fawcett, Brid Featherstone, Jeff Hearne og Christine Toft. Þessi bók er mikilvægt innlegg í umræðuna um ofbeldi og kynferði, um ofbeldi og konur, karla, börn og aldraða. Bókin er 208 síður og kostar £35,00 í harðri kápu en £11.95 í kilju.

Comperative State Feminism í ritstjórn Dorothy McBride Stetson og Amy Mazur. Í bókinni er skoðuð sú alþjóðlega tilhneiging iðnríkja að setja á stofn ríkisbatteri sem ætlað er að bæta stöðu kvenna. Bókin skiptist í nokkra kafla sem skrifaðir eru af konum frá Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada. Bókin er 240 síður og kostar £42.50 í harðri kápu en £19.95 í kilju.

Elenoe Rathbone í ritröðinni *Women of Ideas series*, eftir Johanna Alberti. Bókin er aðgengileg kynning á lífi, tíma, vinnu og hugmyndum Eleanoe Rathbon sem var áberandi í breskum stjórnmálum. Bókin er 176 síður og kostar £30.00 í harðri kápu en £9.95 í kilju.

Feminist Theory Today. An Introduction to Second-Wave Feminism, eftir Judith Evans við University of York. Helstu efnisþættir eru: Equality and Difference in Feminist Thought, Early Liberalism: Feminism's First Equality, Essential Tensions? Liberal Feminism's Second Stage, Radical Equality: The Early Fire, Cultural Feminism: Feminism's First Difference, Women's Kindness: Cultural Feminism's Second Face, Socialist Feminism: From Androgyny to Gynocentrism, Equality to Difference, The Postmodernist Challenge og The Legal Challenge. Bókin er 192 síður og kostar £35.00 í harðri kápu en £10.95 í kilju.

Í litlu fréttabréfi sem þessu er ógjörningur að koma að öllum nýjum bókum á sviði kvennafræða. Rannsóknastofu í kvennafræðum berast með jöfnu millibili upplýsingarit um nýjar bækur s.s. eins og Ny Litteratur om kvinnor og Books from SAGE svo eitthvað sé nefnt. Velkomid er að leita upplýsinga hjá stofunni í síma eða í eigin persónu.

ALPJÓÐLEGAR RÁÐSTEFNUR

16. mars 1996 í University of central Lancashire í Preston. *Women in Higher Education Annual Conference*. Upplýsingar: WHEN Steering Group c/o Planning Office, University of Central Lancashire, Preston PRI 2HE, England. Sími 01772 892 303, fax 01772 892943, netfang: j.t.quinn@uclan.ac.uk

18. - 20. apríl 1996 í Barcelona á Spáni. *Women, work, Health*. Alþjóðleg ráðstefna um þemað "Enjoying helth, making the difference visible." Upplýsingar: Sekretaria: DONA, SALUT I QUALITAT DE VIDA, Aribau, 209, 1 - 08021 Barcelona, Spain. Sími 343 3226554, fax 3434109742.

19. - 20. apríl í Gautarborg í Svíþjóð. *International conference: Feminist studies today, -origin and development*. Upplýsingar: Britta Olinder, English Department, Göteborg University, S-41 298 Göteborg, Sweden. Sími 46 (0)31 773 1785, fax 46 (0)31 773 4726, netfang: britta.olinder@eng.qu.se

22. - 26. apríl 1996 í Adelain í Ástralíu. *Sixth International Interdisciplinary Congress on Women*. Á ráðstefnunni er stefnt að því að koma saman fræðimönnum og fagfólki frá sem flestum greinum og sviðum til að deila innsæi, þekkingu og rannsóknum og til að skoða mikilvæg málefni kvenna um allan heim. Helstu þemu: Global Restructuring - work, population movements, refugees, sex tourism, technologies, markets and the states, growing food, trade and aid, Women's Studies, Making Feminist Politics, Health and Sexuality - AIDS, new reproductive technologies, bodies and markets and bodily alterations, After Cairo, Copenhagen and Beijing, Sustainable Development, Community Education, Indigenous Peoples, Cultural representations. Upplýsingar: the Conference Secretariat, Festival City Conventions, P.O.Box 986, Kent Town, South Australia 5071. Sími 61 8 363 1307, símbref 61 8 363 1604.

3. - 5. maí 1996 í Helsinki, Finnlandi. *3th Nordic Symposium of Women in Philosophy. Body, Difference and Wonder Ethical and Epistemological Perspectives*. Upplýsingar: Christina Institute, P.O.Box 4, 00014 University of Helsinki, Finland og á skrifstofu Rannsóknastofu í kvennafræðum sími 525 4595, netfang: fem@rhi.hi.is.

3. - 14. júní 1996 í Istanbúl í Tyrklandi. *The second United Nations Conference on Human Settlements (Habitat II)*. Upplýsingar: Christina Engfeldt, Habitat II Secretariat: P O Box 30030, Nairobi, Kenya.

12. - 15. júní 1996 í Klaipeda í Lithuania. *4th International Nordic-Baltic Workshop on Integration risks, barriers and opportunities*.

14. - 16. júní 1996 í Lundi í Svíþjóð. *A World in Transition. Feminist Perspectives on International Relations - an Interdisciplinary Conference*. Helstu þemu: 1. Feminist Perspectives on the EU Project. Convenor: Minna Gillberg, sími 46 46 222 8811, símbref 46 46 222

4434. 2. Feminism and International Security Issues. Convenor: Karin Aggestam, sími 46 46 222 4923, netfang: karin.agggestam@svet.lu.se. 3. Feminisms in Europe - East and West. Convenor: Astrid Hedin, sími 46 46 222 2957, netfang: astrid.hedin@svet.lu.se. 4. Resistances to Gendering and Gendered Resistances. Convenor: Annica Kronsell, sími 46 46 222 8944, netfang: annica.young_kronsell@svet.lu.se. 5. Theory & Practice: In Search of Each Other. Convenor: Erika Svedberg, sími 46 46 222 4764, netfang: erkika.svedberg@svet.lu.se. Þeir sem hafa áhuga á þátttöku skulu senda 500 orða (hámark) úrdrátt fyrir 15. febrúar 1996 til þess sem skráður er fyrir viðkomandi efnisflokki. Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Rannsóknastofu í kvennafræðum sími 525 4595, netfang: fem@rhi.hi.is.

8. - 12. ágúst 1996 í Osló í Noregi. *Det 5. Nordiska Kvinnehistorikermötet.*

Megin þemu: 1. Aðhlygning og velferð - hugsjónir og veruleiki. Á þessari öld hefur hið opinbera tekið æ meiri þátt í aðhlygningu barna, sjúkra og aldraðra. Fjöldi kvenna vinnur við stofnanir sem þessu tengjast. Mörkin milli ábyrgðar hins opinbera og einstaklinga hafa sveiflast til og frá. Skilgreinum þær nánar ásamt breytingum á merkingu hugtakanna: aðhlygning, móðurhlutverk, föðurhlutverk, skipting ábyrgðar milli einstaklinga og samfélags/ríkis. 2. Vald, ríki, kynferði. Staða kvenna hefur ekki verið sú sama í lénsveldi, feðraveldi og velferðarríki. Hafa völd kvenna aukist eða minnkað með síðri skrifræði sérfræðinga? Prengir sterkt ríkisvald kosti kvenna? 3. Tillögur um frjáls þemu: -Ævisögur (einnig aðferðafræði) -Menntun/tilurð og miðlun fróðleiks -Konur 17. og 18. aldar. Skráning þarf að fara fram fyrir 15. apríl 1996. Upplýsingar: Berit Gullikstad, Senter for kvinneforskning, AVH, N-7055 Dragvoll. Sími 47 73 591898, fax 47 73 591327, netfang: berit.gullikstad@avh.unit.no. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá Ólöfu Garðarsdóttur sagnfræðingi, sem er tengiliður af Íslands hálfu (s. 525 4416).

7. - 9. september 1996 í Norður Karólínufylki í Bandaríkjunum. *The 10th Berkshire Conference on the History of Women, Complication Categories: Women, Gender and Difference.* Upplýsingar: Evelyn Brooks Higginbotham, Afro-American Studies Department, Harvard University, 1430 Massachusetts Ave, Cambridge, MA 02138, USA eða Merry Wiesner-Hanks, Center for Women's Studies,

University of Wisconsin-Milwaukee, P.O. Box 413, Milwaukee, WI 53202, USA.

21. - 23. nóvember 1996. *Norræn ráðstefna um kvennarannsóknir.* Ráðstefnan er þverfagleg og óvenju yfirgripsmikil. Ráðstefnunni er ætlað að skoða hverju höfum við áorkað, hvað viljum við, hvers söknum við og hvert er ferðinni heiðið? Skil á tillögum um efnisflokkar er til 30. janúar 1996 og skil á úrdráttum er til 15. mars 1996. Nánari upplýsingar er hægt að fá á Rannsóknastofu í kvennafræðum við Háskóla Íslands og hjá Nordisk institutt for kvinne- og kjönnforskning, Universitetet í Oslo, P O Box 1156 Blindern, 0317 Oslo, Norge. Sími 47 22 85 89 43, fax 47 22 85 89 50 og E-mail nordisk@sfk.uio.no.

1997 í Coimbra í Portugal. *The Third European Feminist Research Conference.* Upplýsingar: Virginia Ferreira, Universidade de Coimbra, Faculdade de Economia, Av.Dias da Silva, 165, P-3000 Coimbra, Portugal. Fax 351 39 403511.

1997 í Ísrael. *Voices of Women: The Years After 2000.* Þessi ráðstefna er í undirbúningi, meðal þess sem rætt verður er: Konur og fjölskyldan, konur og alþjóðleg viðskipti, Konur í/og stjórnmunarstöðum/r, konur og menntun. Upplýsingar: Annika Andrea Thelin, sími 08 - 723 32 23, fax 08 - 24 44 20.

Fréttabréf Rannsóknastofu í kvennafræðum kemur út tvisvar til þrisvar á vetri. Áskriftargjald, sem er aðeins 500 krónur á ári, hefur ekki heimst vel. Við vonum að úr því rætist þannig að þeir sem vilja vera á póstlista stofunnar greiði árgjaldið sem fyrst fyrir árið 1996 (einnig er hægt að greiða tvö ár í einu). Greiðsluna má senda í pósti (ávísanir skulu stílaðar á Rannsóknastofu í kvennafræðum) eða inna af hendi þegar þið eigið leið hjá stofunni.

Rannsóknastofa í kvennafræðum er opin fyrir hádegi þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga og eftir hádegi mánudaga og fimmtudaga.

Rannsóknastofa í kvennafræðum
Sumarhöll
Háskóli Íslands
101 Reykjavík

Sími 525 4595
Símbréf 552 8801
Tölvupóstur: fem@rhi.hi.is
